


Skurðstofustarfsemi

Viðmið



Unnið af starfshópi embættis landlæknis
um gerð viðmiða vegna skurðstofustarfsemi

2017



Svið eftirlits og gæða

Starfshópur embættis landlæknis um gerð viðmiða vegna skurðstofustarfsemi

Einar Örn Einarsson svæfinga- og gjörgæslulæknir, tilnefndur af Svæfinga – og gjörgæslulæknafélagi Íslands.

Guðrún Einarsdóttir skurðhjúkrunarfræðingur, tilnefnd af Embætti landlæknis.

Orri Þór Ormarsson barnaskurðlæknir, MD. PhD, tilnefndur af Skurðlæknafélagi Íslands.

Póra Baldursdóttir skurðhjúkrunarfræðingur, tilnefnd af fagdeild skurðhjúkrunarfræðinga hjá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Leifur Bárðarson, sviðsstjóri, svið eftirlits og gæða embætti landlæknis.

Laura Sch. Thorsteinsson, staðgengill sviðsstjóra, svið eftirlits og gæða embætti landlæknis.

Unnið var í nánú samstarfi við Ásu St. Atladóttur verkefnastjóra á sóttvarnarsviði embættis landlæknis.

Árið 2023 og 2024 uppfærði embætti landlæknis kaflana; Sýkingavarnir og Húsnæði og aðbúnaður og uppfærði hlekki.

Viðmið um skurðstofustarfsemi eru byggð á;

Lögum um heilbrigðisþjónustu [nr. 40/2007](#)

Lögum um landlækni og lýðheilsu [nr. 41/2007](#)

Lögum um réttindi sjúklinga [nr. 74/1997](#)

Lögum um heilbrigðisstarfsmenn [nr. 34/2012](#)

Sóttvarnalögum [nr. 19/1997](#)

Lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir [nr. 7/1998](#)

Lögum um brunavarnir [nr. 75/2000](#)

Lögum um sjúkraskrár [nr. 55/2009](#)

Reglugerð um sjúkraskrá, [nr. 550/2015](#)

[Fyrimælum landlæknis um öryggi og gæði sjúkraskráa frá 2015](#)

Reglugerð um eftirlit landlæknis með rekstri heilbrigðisþjónustu og faglegar lágmarkskröfur [nr. 786/2007](#)

Reglugerð um gerð gæðavísa sem notaðir eru til að meta gæði og árangur innan heilbrigðisþjónustunnar [nr. 1148/2008](#)

Reglugerð um lækningatæki [nr. 934/2010](#).

Reglugerð um hollustuhætti [nr. 941/2002](#).

Reglugerð um meðhöndlun úrgangs [nr. 737/2003](#).

[Reglugerð nr. 241/2004](#), um val, geymslu og meðferð lyfja á Sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum.

[Reglugerð um \(1.\) breytingu á reglug. nr. 241/2004](#), um val, geymslu og meðferð lyfja á sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum.

[Rammasamningi milli Sjúkratrygginga Íslands og sérfræðilækna, faglegum lágmarkskröfum og gátlista WHO varðandi öryggi í skurðaðgerðum.](#)

1. Stefna og sýn

Stefna og sýn er fyrir hendi varðandi:

- Hlutverk.
- Mælikvarða/gæðavísa.
- Aðgerðaráætlanir.



2. Notendamiðuð þjónusta

Aðgengi að þjónustu

- Greiður aðgangur sjúklinga að upplýsingum er varða meðferð.
- Skýrir verkferlar eru fyrir hendi varðandi aðgengi að heilbrigðisþjónustu í bráðatilfellum, sem kynnu að koma upp í kjölfar meðferðar.

Þjónusta og meðferð

- Samskipti við sjúklinga eru í samræmi við lög, reglugerðir, góða starfshætti lækna og siðareglur heilbrigðisstétta varðandi framkomu, upplýsingagjöf, upplýst samþykki (skriflegt), þátttöku í ákvarðanatöku, bið eftir meðferð og þagnarskyldu.
- Greining er gerð í samræmi við viðurkennd greiningarkerfi (ICD 10), viðeigandi meðferð veitt og henni fylgt eftir
- Þjónusta er veitt í samráði við aðra heilbrigðisstarfsmenn ef við á og upplýsingar sendar til heimilislæknis/heilsugæslustöðvar viðkomandi sjúklings.
- Fræðslu er sinnt á þann hátt og við þau skilyrði að sjúklingur skilji hana.


Önnur þjónusta

- Aðgangur að túlkþjónustu (tungumál og táknmál) er fyrir hendi ef þörf krefur.

3. Gæði og öryggi

Gæði

- Mælanleg gæða- og þjónustumarkmið eru fyrir hendi.
- Reglulegt mat er lagt á gæði þjónustu með ákveðnum gæðavísunum.
- Unnið er samkvæmt [Áætlun um gæðabróun í heilbrigðisþjónustu](#).
- Helstu verklagsreglur og vinnulýsingar eru til á skráðu formi.
- [Öryggisgátlisti WHO](#) er til staðar og honum framfylgt.



Skráning

- Skráning er á rafrænu formi og í rauntíma.
- Lýsing á ferlum er fyrirbyggjandi hvað varðar fyrirkomulag aðgangsstýringar, afritun og varðveislu gagna.
- Reglulega er fylgst með hvort óviðkomandi aðilar fari í sjúkraskrár.
- Skráning er aðgengileg öðru heilbrigðisstarfsfólki viðkomandi sjúklings, nema hann óski annars.
- Við aðgerðir þar sem þarf aðkomu svæfingarlæknis er færð skýrsla þar sem koma fram eftirfarandi upplýsingar að lágmarki: Dagsetning, nafn og kennitala sjúklings, samþykki sjúklings fyrir aðgerð, upplýsingar um almennt heilsufar, aðgerðarheiti, aðgerðasvæði merkt, fasta, upphaf og endir skurðaðgerðar, nöfn og starfsheiti allra sem eru viðstaddir aðgerðina, atriði tengd svæfingu, lífsmörk, tegund deyfingar, ofnæmi, blóðtap, lyf gefin, lega sjúklings á skurðarborði, talning, merking lífssýna, tegund húðsótthreinsiefnis, stasatími, aukaverkanir og fylgikvillar er tengjast aðgerð.

Öryggismál

- Aðgengileg viðbragðsáætlun við bráðatilfellum er fyrirbyggjandi og æfð reglulega.
- Nauðsynlegur öryggisútbúnaður er til staðar, þ.e. hjartastuðtæki, súrefniskútur, ambupoki, lyf til nota við bráðaaðstæður og áhöld til að tryggja öndunarveg.
- Rýmingaráætlun er fyrir hendi.



Sýkingavarnir

- Lögum og reglum er varða vinnu við sóttgreinsun og dauðgreinsun áhalda fylgt.
- Skriflegar umgengisreglur á skurðstofu(m) eru fyrirbyggjandi svo sem varðandi starfsklæðnað, hlífðarfatnað, skó og flæði umferðar.
- [Leiðbeiningum um handgreinsun á skurðstofum](#) fylgt, bæði um almennan handþvott, notkun handspritts og handþvott fyrir skurðaðgerðir.

Sýkingavarnir frh.

- Leiðbeiningum fylgt varðandi [kröfur um sóttgreinsun og dauðgreinsun áhalda/hluta sem notaðir eru í heilbrigðisþjónustu](#).
 - Flokkun áhalda eftir sýkingarhættu.
 - Meðhöndlun áhalda.
 - Sérþjálfun starfsfólks.
 - Dauðgreinsun (sæfing).
 - Sóttgreinsun.
 - Greinsun/þvottur.
 - Þvottur/greinsun áhalda.
 - Nauðsynleg aðstaða.
 - Greinsun speglunartækja.
 - Tækjabúnaður og viðhaldsbækur.
 - Tækjabúnaður til sóttgreinsunar og dauðgreinsunar og gæðaeftirlit.
 - Gufusæfir (autoklavi).
 - Eftirlit og vísar.
 - Eðlisfræðilegt eftirlit.
 - Sporapróf.
 - Efnafræðilegir litbreytivísar.
 - Eftirlit með sæfi (autoklava).
 - Geymsla á dauðgreinsuðum varningi.
- [Leiðbeiningum um loftræstingu](#) fylgt.

Óvænt atvik og kvartanir

- Óvænt atvik eru skráð og nýtt til umbóta skv. Lögum um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007 sjá einnig [leiðbeiningar á vefsíðu embættis landlæknis](#).
- Formleg leið er fyrir sjúkling til að koma með athugasemdir eða kvartanir.



Lyfjamál

Öll lyf eru meðhöndluð skv. [reglugerð nr. 241/2004](#), um val, geymslu og meðferð lyfja á sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum; [reglugerð um \(1.\) breytingu á reglug. nr. 241/2004](#), um val, geymslu og meðferð lyfja á sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum og samkvæmt kröfum [Lyfjastofnunar](#).

4. Mannauðsmál

- Mönnun fer eftir umfangi og tegund þeirra aðgerða sem gerðar eru.
- Æskilegt er að skipulagning og framkvæmd hjúkrunar á skurðstofum sé í höndum hjúkrunarfræðinga með sérfræðingsleyfi í skurðhjúkrun.
- Undirrituð þagnarskylduheit starfsfóks eru fyrirliggjandi.
- Viðeigandi þekking og fagleg færni starfsfólks til vinnu á skurðstofum er til staðar og viðhaldið.
- Starfsfólk sækir endurlífgunarnámskeið annað hvert ár.
- Aðstoðarfólk fær nauðsynlegar leiðbeiningar og tilsögn ef við á.



5. Húsnæði og aðbúnaður

Heilbrigðiseftirlit gerir úttekt áður en rekstur hefst og framkvæmir úttektir a.m.k. einu sinni ári eftir það.

- Starfsleyfi heilbrigðiseftirlits liggur fyrir.
- Húsnæði uppfyllir lágmarkskröfur um aðgengi og aðstöðu.
- Brunavarnir eru samkvæmt leiðbeiningum [Mannvirkjastofnunar](#).
- Aðkoma sjúkrabíla er tryggð.
- Lyftur virka í samræmi við neyðaráætlanir ef upp koma bráðaaðstæður.
- Biðaðstaða og snyrting fyrir sjúklinga er til staðar. Aðstaða er fyrir sjúkling til að afklæðast og geyma persónulega muni í læstri hirslu ef þörf krefur.
- Aðgengi fyrir fatlaða er tryggt og lyfta til staðar þar sem sjúklingar þurfa að fara á milli hæða. Hjólastóll er fyrir hendi ef við á.
- Salerni og hreinlætisaðstaða samkvæmt viðeigandi stöðlum.
- Handþvottaaðstaða með handfrjálsum búnaði er fyrir hendi utan veggja skurðstofu og góður aðgangur að henni.
- Skurðstofur eru hreinar og bjartar og öllum útbúnaði þannig fyrir komið að þrif eru sem auðveldust og öruggust.
- Vöknun fyrir sjúklinga er með afmörkun tjalda eða skerma á milli rúma og fyrir hendi er aðgangur að súrefni, sögi og vöktunar-búnaði. Tryggja þarf nægt pláss í kringum rúm sjúklings og þarf breidd stæðis fyrir hverng sjúkling að vera um 2.8 m. Pláss þarf að vera fyrir þau hjálpartæki sem sjúklingur kann að þarfnast.
- Ef lega sjúklings verður lengri en einn sólarhringur eða ef um endurinnlögn er að ræða þarf sjúklingur að fá pláss á afmarkaðri stofu, annað hvort einbýli eða tvíbýli. Þar sem rými fyrir hvern sjúkling er 12-17 m² en það getur verið mismunandi eftir hvort um er að ræða einbýli eða tvíbýli og eftir lögun stofu.
- Í sóttthreinsiherbergi (skolherbergi) er aðstaða til þvotta á óhreinum verkfærum og þar er „hreint“ og „óhreint“ aðskilið.
- Góð aðstaða, helst í sér herbergi, til að pakka áhöldum til dauðhreinsunar og greiður aðgangur til að setja í gufusæfi og taka úr honum að dauðhreinsun lokinni. Örugg geymsla fyrir dauðhreinsaðan varning.
- Tækjageymsla er fyrir hendi svo og aðstaða til að geyma sýni.
- Ræstiherbergi með ræstiáhöldum og ræstivaski er fyrir hendi.
- Aðstaða til frágangs og geymslu úrgangs skv. [reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 237/2003](#).
- Tækjabúnaður. Tækjakostur miðast við þarfir í hverri aðgerð og einungis eru notuð almennt viðurkennd tæki samkvæmt viðeigandi stöðlum. Til staðar er skurðarborð sem hægt er að steypa svo og viðeigandi lýsing, súrefnismettunarmælar, sjúkrovagn (ambulance), læstur lyfjaskápur, kæliskápur og ljós með rafhlöðu. Lágmarksbúnaður fyrir svæfingar og endurlífgun er til staðar. Íslenskur leiðarvísir varðandi meðferð áhalda og tækjabúnaðar er fyrirbyggjandi.
- [Lágmarksbúnaður fyrir svæfingar \(skv. Sjúkratryggingum Íslands\)](#) : Svæfingarvél með tilheyrandi útbúnaði, s.s. sögi, vara súrefniskút, ambupoka, laryngoscope (tveimur), kokrennum, túbum af ólíkum stærðum, leiðurum fyrir túbur, magyltöng, kokmaskar, blóðþrýstingsmæli, hlustunarpípu, súrefnismettunarmæli og hjartarafsja með hjartastuðtæki. Akúttaska með öllum nauðsynlegum lyfjum til endurlífgunar.
- Ef notast er við röntgentæki er [stöðlum Geislavarna ríkisins](#) fylgt.
- Aðstöða fyrir starfsfólk uppfyllir [kröfur Vinnueftirlitsins](#), svo sem varðandi búninga- og aðstöðu, sturtur, salerni, læsanlega skápa og kaffistofu.